

Nd.

237. Nefndarálit

[134. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 3. minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við undirritaðir leggjum til að frv. verði samþykkt, þ.e. að staðfestur verði fjórði viðauki við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium frá 11. nóv. 1985.

Nefndin hefur fjallað vandlega um frumvarpið og kvatt á fund sinn eftirtalda: Stefán Svavarsson, löggiltan endurskoðanda, Ragnar Arnason lektor, Halldór J. Kristjánsson lögfræðing, Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðanda, Eirík Tómasson hrl., Ragnar Aðalsteinsson hrl., Hjört Torfason hrl., Garðar Ingvarsson hagfræðing, Jóhannes Nordal, formann stóriðjunefndar, og Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra.

Í þessum samningi eru tveir meginþættir: skattstofn og skattstigi. Hvað varðar skattstofn þá er reynt í samningnum að skilgreina nánar þá þætti sem hætt er við að deilum gætu valdið, söluverði á áli og kaupverð á súráli og rafskautum, og ávinningur er að því að fækka hugsanlegum ágreiningsefnum. Með aukningu eigin fjár og breyttum reikningsskila-reglum er tvímælalaust stefnt að því að reikningsskilin gefi réttari mynd af raunverulegri afkomu félagsins sem að líkindum verður okkur til hagsbóta. Hvað varðar skattstigana er um verulega einföldun að ræða á þeim reglum sem um þá gilda.

Þegar á heildina er litið er líklegt að þessar breytingar á skattstofni og skattstigum muni ekki verða okkur óhagstæðari heldur en þær reglur sem nú gilda, heldur eru líkindi til að skatttekjur muni fremur aukast.

Hinum almenna rétti ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar á gögnum Ísals er í engu hróflað frá fyrri samningum en ekki hefur tekist að gera orðalag endurskoðunarákvæðisins ótvíræðara.

Við samningsgerð sem þessa verður í ýmsum tilfellum að byggja á framtíðarspám þegar meta skal árangur af samningum. Þess ber að geta að raforkuverðsspá Ísals, sem iðnaðarnefnd var kynnt á s.l. ári, hefur ekki staðist.

Með vísan til ofanritaðs teljum við þó um nokkurn ávinning að ræða með samningi þessum og leggjum því til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. des. 1985.

Páll Pétursson,
form., frsm.

Ingvar Gíslason.